

Stjórnarfundur FÍSOS

Föstudaginn 28. janúar 2011

Fundarstaður: Þjóðminjasafnið.



Mættir voru: Guðný Dóra Gestsdóttir, Elfa Hlín Pétursdóttir, Jón Allansson, Sigríður Melrós, Kristín Sóley í síma og Helga Vollertsen sem ritaði fundargerð.

Fundur settur kl 11:00

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð aðalfundar FÍSOS

Samþykkt

2. Inntaka nýrra félaga

Engar umsóknir bárust félaginu.

3. Farskóli FÍSOS 2011

KSB greinir frá stöðu mála. Búið er að útnefna farskólastjórn. Byrjað er að huga að þema skólans og verið að velta fyrir sér dagsetningu hans.

4. Safnaverðlaunin 2012

Í vinnslu.

5. Endurmenntunarnámskeið

Dagana 28. mars - 2. apríl verður haldið hraðnámskeið á vegum námsbrautar í safnafræði við Háskóla Íslands, félögum FÍSOS að kostnaðarlausu. Námskeiðið er styrkt af Félagi íslenskra safna- og safnmanna, sem og Þjóðminjasafni Íslands. Námskeiðið verður kynnt á póstlistanum og ákveðið var að þetta verði endurmenntunarnámskeið FÍSOS í ár.

6. Erindi frá Sigurjóni Baldri

- Óskað er eftir að FÍSOS skipi í stjórn nýs Rannsóknarseturs í Safnafræði við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Fulltrúi FÍSOS verður Elfa Hlín Pétursdóttir.
- Óskað er eftir styrk frá FÍSOS fyrir masterclass sem halda á í haust (24.-28. október) við Háskóla Íslands. FÍSOS óskar eftir frekari upplýsingum um námskeiðið.

7. Heimasíðan og póstlistinn

Póstlistinn hefur verið í ólagi. Kerfisstjóri hefur verið fenginn til að greina hvert vandamálið er og verið er að vinna að lausn á málinu. Vefstjóra falið að fylgja málinu eftir, uppfæra vefinn og setja inn fundargerðir.

8. Íslenski safnadagurinn og tímasetning hans.

Helgu falið að kalla saman hópinn til að fjalla um tímasetningu Safnadagsins. Verkefni hópsins verður að taka saman hin ýmsu sjónarmið og kynna á næsta aðalfundi FÍSOS þá gefst félögum í FÍSOS kostur á að fjalla um hana og að kjósa um niðurstöðu.

9. Önnur mál

Gögn FÍSOS frá Safnaráði

Borist hafa gögnfrá Minjasafni Reykjavíkur. Elfu Hlín falið að flokka og vista gögnin en FÍSOS hefur fengið leyfi til að geyma gögn félagsins á skrifstofu Safnaráðs.

Erlend tímarit um söfn

Guðný Dóra kynnti ýmis tímarit sem henni berst sem formaður FÍSOS. Ákveðið að efnið fari á bókasafn Þjóðminjasafns Íslands svo það verði aðgengilegt félagsmönnum, háskólanemum o.fl.

Safnabókin

Málið var rætt á fundi 14. desember og aftur nú. Stjórn FÍSOS er sammála um að styðja við útgáfuna með faglegri ráðgjöf. Nauðsynlegt var að endurskoða fyrstu útgáfu bókarinnar vegna eðlilegra byrjendavanda. Það er mat stjórnar FÍSOS að hana megi gefa út annað hvert ár í framtíðinni þá var ósk Önnu Lísu (Gudrun publishing) rædd um að ICOM og FÍSOS greiði fyrir auglýsingu fyrir handhafa íslensku safnaverðlaunanna, en ákveðið að svo verði ekki. ICOM hefur einnig svarað neitandi.

Fundi slitið 12:00